

og „Síðan hleypur hann undir pilsfaldinn á ákæruvaldinu“.
Ber að víta lögmanninn fyrir þennan ósæmilega rithátt.

Dómsorð:

Ákærði, Baldur Hólmgeirsson, greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Hin átöldu ummæli skulu vera ómerk.

Ákærða er skylt að birta samkvæmt 22. gr. laga nr. 57/1956 forsendur og niðurstöðu dóms þessa í næsta tölublaði, er út kemur af blaðinu Nýjum vikutiðindum eftir birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Guðmundi Guðmundssyni kr. 8000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 14. apríl 1962 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 2000.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens héraðsdómslögmanns.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 11. febrúar 1963.

Nr. 89/1962. **Reynir Guðmannsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
gegn
Ingu Kristínu Guðmundsdóttur
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ágreiningur um eignarrétt að fasteign. Kaupkrafa.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. júní 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 13. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með

stefnu 21. september 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Krefst hún þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða henni kr. 153.000.00 ásamt 10% ársvöxtum af kr. 78.000.00 frá 1. september 1960 til 29. desember s. á. og 8% ársvöxtum af kr. 153.000.00 frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á með héraðsdómara, að eigi séu nægar sannanir fram komnar fyrir því, að gagnáfrýjandi eigi rétt til hluta af andvirði fasteignar þeirrar, sem í málinu greinir. Hins vegar ber að dæma gagnáfrýjanda laun fyrir störf hennar í þágu heimilis hennar og aðaláfrýjanda þann tíma, sem lýst er í héraðsdómi, og þykja þau eftir öllum atvikum hæfilega ákveðin kr. 35.000.00. Ber aðaláfrýjanda að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð ásamt 9% ársvöxtum frá 1. september 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Reynir Guðmannsson, greiði gagnáfrýjanda, Ingu Kristínu Guðmundsdóttur, kr. 35.000.00 með 9% ársvöxtum frá 1. september 1960 til 29. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 7. marz 1962.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. febrúar s.l., hefur Inga Kristín Guðmundsdóttir, Suðurgötu 18, Keflavík, höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 18. júní 1961, gegn Reyni Guðmannssyni, Skólavegi 18, Keflavík, til greiðslu á kr. 153.000.00 með 10% ársvöxtum af kr. 78.000.00 frá 1. september 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu. Aðiljar hafa samið um bæjarþing Hafnarfjarðar sem varnarþing.

Málavextir eru þessir:

Í maímánuði 1956 opinberuðu stefnandi og stefndi trúlofun sína. Hófu þau sambúð í júnímánuði árið eftir og bjuggu saman óslitið þar til í ágúst mánuði 1960, að þau slitu sambúðinni.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

1. Helmingur af nettósöluverði íbúðar kr. 75.000.00
2. Ráðskonukaup fyrir tímabilið 1/6 1957 til 1/9 1960, 39 mánuði — 78.000.00

Samtals kr. 153.000.00

Um 1. Stefnandi heldur því fram, að hún og stefndi hafi verið signalaus, er þau hófu búskap, þegar undan eru skildar 30.000.00 kr., sem stefndi hafði fengið í arf eftir móður sína. Stefnandi telur sig hins vegar hafa átt um 50.000.00 kr. að auki á sparisjóðsbók í Landsbankanum, en hefur eigi lagt fram nein gögn um þá innstæðu, þrátt fyrir áskoranir stefnanda. Stefnandi kveður fjárhaginn hafa batnað smám saman. Þau hafi keypt sér bíl og selt hann og hafið byggingu íbúðar í raðhúsi nr. 42 C við Faxabraut í Keflavík sumarið 1959.

Íbúðin, sem var 128 m², var fokheld, er aðiljar slitu sambúðinni. Þessa íbúð seldi stefndi 25. desember 1960. Í afsali, sem stefnandi hefur lagt fram, er söluverð tilgreint kr. 90.000.00. Stefnandi heldur því þó fram, að raunverulegt söluverð hafi verið kr. 220.000.00, en stefndi staðhæfir hins vegar, að söluverð sé rétt tilgreint í afsali. Á íbúðinni hvíldu kr. 40.000.00. Krafa stefnanda samkvæmt þessum lið er þannig fengin, að hún dregur erfðahluta og veðréttarlán, kr. 30.000.00 + 40.000.00, frá kr. 220.000.00 og skiptir eftirstöðvunum, kr. 150.000.00, til helminga.

Stefnandi reisir kröfur sína samkvæmt þessum lið á því, að hún hafi lagt drjúgan skerf til kaupa á íbúðinni, sem átti að verða framtíðarheimili þeirra. Auk þess að annast öll venjuleg heimilisstörf, hafi hún unnið utan heimilisins og varið öllu, sem hún vann sér inn, til sameiginlegra þarfa þess.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi hafi lagt nokkra peninga til sameiginlegs heimilis þeirra. Laun hennar hafi að mestu farið til sérþarfa hennar, auk þess sem hún keypti sér nokkuð af innbúi, sem hún hafi tekið með sér, m. a. sófa og saumavél, er samtals kostuðu rúmar 10.000 krónur.

Stefndi greiddi stefnandi kr. 10.000.00, eftir að þau slitu sambúðinni og kveður hann hana hafa gert sig ánægða með þá greiðslu. Síðan hafi hún engar kröfur gert fyrr en í máli þessu, og sé krafan fallin niður, ef einhver hafi verið, vegna aðgerðarleysis hennar.

Stefnandi hefur viðurkennt, að hún hafi sagt stefnda, að hún væri ánægð með það að fá 10.000.00 krónur, ef hann seldi ekki húsið, en það hafi hann sagzt ætla að eiga. Hún kveðst alltaf hafa til þess ætlazt, að hún fengi sinn hluta af andvirði hússins, þ. e. helming.

Stefnandi telur sig nú ekki bundna af þessum ummælum, þar sem stefndi hafi neitað að verða við kröfum hennar um helming af andvirði hússins.

Gegn andmælum stefnanda verður ekki talið sannað, að stefnda hafi verið rétt að skilja orð hennar á annan veg en stefnnadi heldur fram, og hefur stefnandi því nú óbundnar hendur um kröfugerð á hendur honum.

Staðfest afrit af skattframtölum stefnanda 1959—1961 hafa verið lögð fram. Tekjur hennar samkvæmt þeim eru kr. 24.000.00 á ári 1959 og 1960, en kr. 40.000.00 árið 1961, en þar af eru kr. 25.000.00 áætlun fyrir tímabilið 1/6—31/12 1960.

Samkvæmt afritum af skattframtölum stefnda voru tekjur hans framtalsárið 1959 kr. 70.986.00 og 1960 kr. 79.172.00.

Árið 1958 keypti hann Volkswagenbifreið á kr. 90.000.00, seldi hana árið eftir fyrir sama verð samkvæmt framtalsafritinu. Fyrri árið taldi hann fram kr. 12.000.00 sem sparifé og kr. 20.000.00 skuld, en síðara árið lagði hann kr. 90.000.00 í byggingu íbúðar, er hann telur sig greiða með 78.000.00 af söluandvirði bifreiðar og kr. 10.000.00 af óframtöldu sparifé. Engar skuldir eru taldar fram árið 1960.

Þá hefur verið lögð fram viðskiptabók við Sparisjóðinn í Keflavík á nafni stefnanda, en bók þessa virðast aðiljar hafa notað sameiginlega.

Stefndi var einn þinglesinn eigandi að hinni umdeildu íbúð. Upplýst er, að hann fékk verulega fjárhæð að erfðum eftir að þau stefnandi hófu sambúð og hann virðist hafa verið í stöðugri atvinnu allan tímann, sem þau bjuggu saman. Stefnandi hefur eigi haldið því fram, að beinar tekjur hennar af vinnu utan heimilisins hafi verið aðrar eða meiri en að framan greinir. Þar sem henni hefur ekki tekizt að sanna eða gera sennilegt, að hún hafi með beinum fjárframlögum eða á annan hátt öðl-

azt eignarrétt að hluta í umræddri fasteign, er eigi unnt að taka kröfu hennar samkvæmt þessum lið til greina.

Um 2. Stefnandi reisir þess kröfu sína á því, að henni beri kaup fyrir störf sín í þágu heimilisins þann tíma, sem hún bjó með stefnda. Séu kr. 2000.00 á mánuði lágmarkskrafa, og þá tekið tillit til þeirra 10.000 kr., er stefndi hafi þegar greitt henni. Stefnandi hefur lagt fram vottorð frá Vilborgu Auðunsdóttur, formanni Verkakvinnafélags Keflavíkur og Njarðvíkur, um kaup ráðskvenna. Kveðst vottorðsgefandi haustið 1959 hafa ráðið stúlku í sveit til einyrkja fyrir kr. 2000.00 á mánuði. Auk þess hafði stúlkan, sem var ráðin til innanhússtarfa og mjalta, frítt fæði fyrir sig og 2 ára dóttur sína. Kveðst vottorðsgefandi hafa annars staðar frá upplýsingar um svipað kaup ráðskvenna, sem höfðu eitt barn með sér.

Af hálfu stefnda er því mótmælt, að stefnandi eigi rétt til ráðskonukaups þann tíma, er þau bjuggu saman, eða að hún hafi unnið nokkuð það fyrir hann, sem hún geti krafizt launa fyrir, enda hafi hún unnið fulla vinnu annars staðar, þangað til í byrjun júní 1960. Sjálfur vann hann á Keflavíkurflugvelli þar til í marz 1960 og hafði þar frítt fæði og fékk matarávísanir, sem jafngiltu þrem máltíðum á dag. Hann hafi unnið 6 daga vikunnar og stundum á kvöldin og hafi hann þá borðað á flugvellingum. Stefnandi hafi ekki heldur þurft að útbúa hann með mat á morgnana. Einnig hafi það komið fyrir, að hann vann um helgar. Þá heldur stefndi því fram, að hann hafi farið með allan þvott sinn í þvottahús. Stefnandi viðurkennir, að stefndi hafi borðað á flugvellingum, þegar hann var við vinnu, en hann hafi oftast borðað heima hjá sér á kvöldin og þá stundum seint. Hún kveðst hafa séð um allan þvott stefnda og hafi hann aldrei farið með þvott sinn í þvottahús.

Það sé alrangt, að stefndi hafi séð um húsverk til jafns við hana. Hann hafi lítið komið nálægt þeim störfum.

Upplýst er, að faðir stefnda gaf þeim litla Hoover-þvottavél, sem varð eftir hjá stefnda.

Eins og að framan er rakið, bjuggu aðiljar saman sem hjón með sameiginlegan fjárhag um þriggja ára skeið. Á heimilinu virðast ekki hafa verið aðrir en þau tvö. Vegna þess hvernig vinnu stefnda var háttað mestallan tímann, sem þau bjuggu saman, virðist heimilishald hafa verið léttara en ella, enda vann stefnandi utan heimilisins þangað til í júnímánuði 1960. Hins vegar þykir verða að gera ráð fyrir því, að stefnandi hafi ann-

azt öll venjuleg heimilisstörf, eins og hún heldur fram, og er eigi unnt að taka órökstuddar fullyrðingar stefnda um það gagn stæða til greina. Þegar virt er samband aðilja og tekjur stefnda, verður og að telja líkur fyrir því, að hún hafi, auk vinnu í þágu heimilisins, varið hluta tekna sinna til sameiginlegra þarfa aðilja. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í málinu, virðast launatekjur stefnanda þann tíma, sem aðiljar bjuggu saman, hafa numið um 75—80.000 krónum.

Með skírskotun til alls þess, sem nú hefur verið rakið, og með tilliti til persónulegrar eyðslu stefnanda og þeirra 20.000 króna, sem hún hefur þegar fengið, þykir hæfilegt að stefndi greiði stefnanda fyrir vinnu hennar á heimilinu og framlag til þess fyrrgreint tímabil kr. 42.000.00 með 10% ársvöxtum frá 1. september 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 5.500.00.

Jón Finnsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Reynir Guðmannsson, greiði stefnanda, Ingu Kristínu Guðmundsdóttur, kr. 42.000.00 með 10% ársvöxtum frá 1. september 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
